



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Lagt fyrir 370. fund velferðarráðs 5. febrúar 2020  
VEL 20191200042  
RÁ/kg

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Efni: Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um menningarkort til öryrkja – R19120141**

*Þann 17. desember 2019 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í borgarstjórn svohljóðandi tillögu um menningarkort til öryrkja:*

Lagt er til að Reykjavíkurborg sendi þeim borgarbúum sem jafnframt eru öryrkjar, menningarkort þeim að kostnaðarlausu. Menningarkortið veitir aðgang að safnhúsum Listasafns Reykjavíkur og safnhúsum og sýningum Borgarsögusafnsins, frítt bókasafnskort og ýmis fríðindi. Frír aðgangur öryrkja að söfnum og sýningum Reykjavíkurborgar er háður framvísun staðfestingar frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Öryrkjar fá hinsvegar ókeypis bókasafnskort á Borgarbókasöfnum gegn framvísun slíkrar staðfestingar. Því er lagt til að Reykjavíkurborg gefi út menningarkort handa öryrkjum, svo að þeir þurfi ekki að framvísa staðfestingu frá TR, þegar þeir sækja söfn borgarinnar. Staðfestingin er einungis þunnur pappírsmiði sem viðkomandi prentar sjálfur út. Þar að auki getur fólki fundist óþægilegt að taka sérstaklega fram að það eigi rétt á niðurfellingu gjalda vegna stöðu sinnar eða veit jafnvel ekki af því. Það er mikilvægt að ýta undir aðgengi að menningarstofnunum borgarinnar óháð félagslegri stöðu og er þetta liður í því. Kostnaðurinn felst í útgáfu korta og sendingarkostnaði en í upphafi árs voru 7.084 einstaklingar með 75% örorkumat í gildi í Reykjavík. Lagt er til að verkefnið hefjist í janúar 2020 og verði fjármagnað af liðnum ófyrirséð. Menningar- og ferðamálasviði ásamt velferðarsviði verði falið að útfæra efni tillögunnar með því að leita til TR.

Greinargerð fylgir tillögunni.

**Umsögn:**

Velferðarsvið er jákvætt fyrir útgáfu menningarkorta til öryrkja.

Velferðarsvið telur að besta leiðin væri að einstaklingar sæki um kortin og framvísi staðfestingu á örorku líkt og gert er við útgáfu bókasafnskorta. Kostnaður við útgáfu

menningarkorts er 650 kr. eða um það bil 4.550.000 kr. (650x7000). Póstburðargjöldin yrðu 980.000 kr. á ári (140x7000).

Hin leiðin, að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að útgáfu kortanna án þess að umsókn hafi borist, krefst vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. viðkvæmra persónuupplýsinga, Trygginastofnunar ríkisins um einstaklinga sem eru á örorku og eru jafnframt með lögheimili í Reykjavík. Vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum tilgangi getur ekki átt sér stað nema hinn skráði einstaklingur gefi afdráttarlaust samþykki fyrir henni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. og 1. tl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Regína Ásvaldsdóttir  
Sviðsstjóri